

# Íslensk heimsskoðun

## *Yfirlit*

### I.

**G**uð hefir skapað heiminn, ekki úr engu, heldur úr verðimegund hins illa, möguleikum til hins illa, öllu því sem hin guðlega vera hrindir frá sjer og henni er gagustætt. Að koma þessu á leið hinnar guðlegu verðandi — en í því er sköpunarverkið innifalið — er torsótt, og að þeim vanda lúta orð Opinberunarþókarinnar um lambið, sem var slátrað frá upphafi veraldar; gæti jeg ímyndað mjer, þó að ærið sje hirðingjalega að orði komist, að það væri það dýpsta, sem í þeirri bók stendur, er vjer nefnum biblú. En um þetta ræðir ekki frekar hjer, heldur hefjum vjer söguna á hinum fyrstu frumeindum, þeim sem vísindin hafa nú á vorum dögum uppgötvað, og telja má undirstöðu efnisins. Samstilling frumeindanna gerir auðveldara fyrir um frekari magnan frá uppsprettu kraftarins, og þegar efnid er orðið nægilega margsam-

sett og margsamstilt, verður það fært um að taka við þeirri magnan, sem nefnist líf. Hinar fyrstu lífeindir eru berum augum ósýnilegar sakir smæðar, og mjög ófullkomnar. En hó verður að veita því eftirtekt, að elli og dauði — öðruvísi en af slysförum — er þar ekki til. Þegar hin örsmáa frumvera hefir náð tilteknu þroskastigi, skiftist hún í tvent, og hvor helmingur vex svo aftur uns hann hefir náð fullri stærð, skiftist svo enn, og gengur svo koll af kolli. En síðan hefst viðleitni fyrstlingsins á að skiftast þannig, að ekki sje sundrast, heldur komi fram ný, samsett lífheild. Árangurinn af þeirri viðleitni er alt það dýra- og jurta-líf jarðarinnar, sem ekki er einfrumungar. En þessi framsókn kostaði það, að elli og ellidauði kom inn í lífheim; einskog hann birtist á þessari jörð. Og það má jafnvel segja, að framsókn lífsins

## II.

hjer á jörðu hafi verið þannig, að jafnframt því sem sótt var uppá við, tapaðist altaf eitthvað sem dýrmætt var. Svo erfitt var að sækja fram til vits, að sú veran sem vitandi er vits, maðurinn, kemur ekki fram fyr en miljónum alda eftir að viðleitnin á að skapa hann var hafin. Og eftir allan þennan tíma, er maðurinn ennþá að aðalatriði, ófullkomnasta veran sem hjer er til. Því að ekkert, sem hjer á jörðu lifir, getur kvalist einsog hann, og lífsfjör hans er minna en annara spendýra, hvað þá fuglanna, sem að lífsaflí og lífskæti eru hinum ferfættu frændum sínum langtum fremri. Maðurinn hefir minna samband við hinn skapandi kraft en dýrin, en það kemur af því, að skilyrðið fyrir því sambandi er samstilling (harmoni), og að mennirnir eru miklu sundurleitari og ósamstiltari en dýrin. Þó er það vissulega ekki tilgangur sköpunarverksins, að auknu viti eigi að fylgja minni gleði og meiri kvöl. Alt sem tapast hefir í sókninni fram til vits, á að vinnast aftur, og það á æðra stigi en áður. Maðurinn á að verða svo fullkominn, að hann geti tekið að sjer að stjórna sköpunarverkinu á þessum hnetti, í vaxandi samræmi við hina guðlegu verðandi. Og lausn mannkynsins fráböli, apolytrósis, eða björgun þess, er í því fólgin, að komist verði á leiðina til þeir sað þetta geti orðið, hina sömu framfaraleið.

Furðuleg er þessi viðleitni á að framleiða ávalt samsettari eindir, sem heldur áfram og þó með nokkuð nýjum hætti, eftir að efnid er orðið lífi gæit. Og það er í fullkomnu samræmi við þá þekkingu sem þegar hefir fengist, að gera sjer það ljóst, hvert markmiðið er. En það er hin fullkomna samstilling hinna ýmsu mynda lífsins í alheimi. Eða það sem jeg hefi nefnt Hyperzóon. Til þess að þetta geti orðið, þarf lífið að sigrast á fjarlægðum himingeimsins. Þetta virðist vísindunum ennþá óhugsandi, ekki síður en það þótti fyrir tæpum 100 árum óhugsandi, að nokkurntíma mundi unt verða að rannsaka hvaða efni eru í stjörnum. Lausn þess vandamáls fanns í alveg óvæntri átt, og svo er einnig með það, hvernig líffræðin geti farið að ná til stjarnanna, og vísindalegt samband orðið milli lífsins á hinum ýmsu stjörnum. Langvinn athugun á eðli draumlífsins hefir leitt í ljós, svo að ekki verður vjefengt, að í svefn fáum vjer samband við íbúa annara jarðstjarna alheimsins. Með þessari uppgötvun er ljósi vísindanna brugðið yfir það sem menn hafa haldið samband við guðt, anda og annan heim, en sumir þó ekki annað en ímyndun eins og jafnvel nokkurskonar sálsýki.

### III.

Það er í augum uppi hversu það hlýtur að vera upphaf að hinum mestu tímamótum í lífssögu hnattarins, þegar það fer að skiljast að það má láta líffræðina ná til stjarnanna. Þegar það verður lífum ljóst, að það er lífinu eiginlegt, að geta spennað fjarlægð himingeimsins, og að vjer getur aukið og fullkomnað það samband sem þegar á sjer stað. Og að vjer verðum að gera þetta, ef vel á milli fara. Því að þetta er leiðin til fullkomnunar. Þar sem þessum skilningi er ekki náð, og meðan honum er ekki náð, verður ekki komist á hina sönnu framfaraleit í sambandi við þetta verður ljóst, hversu stefnur framvindunnar eru tvær, eða það sem nefna mætti Helstefnu og Lífstefnu. Dysere lixis og diexlixis hefi jeg nefnt þetta í þágu alþjóðlegra vísinda, auðveldari orð væru kakelixi og evexelisis: exelixis er á grísku framvinda (evolution), kakos, illur, ev, vel.

### IV.

Þegar komið er á hina rjettu leið, er vaxið frá trú til þekkingar. Menn öðlast þá vitneskju um að til eru æðri verur en mennirnir, og að sköpun mannsins fer ekki að takast svo sém þarf, fyr en nánu sambandi er náð við slíkar verur. Meðan verið er á Helvegi, er alt fult af ýmiskonar trúarbrögðum og dulrænu, eða þá trúleysi hinsvegar. Þar sem lífstefnu án ræður, vita menn, að ellin er veiki sem má útrýma og að dauð-

ann má sigra, en í staðinn syrir dauðann kemur að flytjast burt til fullkomnara líffjelags á annari jarðstjörnu. Því að heimurinn er einn. Trúin á annan heim, sem sjáandaheimur, er misskilningur. Lífið flytur frá stjörnu til stjörnu í þessum óendenlega mikla og stórkostlega heimi, og þó með dauða og kvöldum meðan verið er á Helvegi. Það væri fásinna að ímynda sjer að likamirnir flytjist stjarnanna á milli. Það sem flyst er mátturinn til að skapa sjer nýjan likama úr efni þeirrar stjörnu sem á að verða hið nýja heimkynni lífsins. Þessi máttur eða þetta afslvæði fer með óendenlega miklu meiri hraða en sólar geislinn, þó að hann komist 300.000 km. á sekúndu. Þinum bygðu hnöttum alheimisins má skipta í tvö aðalflokka, stjörnum frumlífsins, þar sem lífið er orðið til af slíku upphafi sem hjer á jörðu, og hver einstaklingur lifir í fyrsta skifti; og svo stjörnum frumlífsins, þar sem endurlíkamast (þ. e. fá nýjan líkama) þeir, sem áður lifðu á stjörnum frumlífsins. En mjög skiftir í þessum flokki — sem Swedenborg nefnir kann andlega heim, mundus spiritualis — í tvö horn, eftir því hvort þeir, sem endurlíkamast, hafa í frumlífinu stefut upp á við eða ekki, hvort hugarfar þeirra og atþeifi var samkvæmt Helstefnumanni. Eða þeir stefndu uppávið til hins mikla sambands lífsins í alheimi; hvort þeir lifðu, þar sem verið var á Helvegi, eða þar sem komið var á lífsins leið.

## V.

Upphaf hinnar miklu stefnubreytingar er nú að verða hjer á jörðu, og hefir þegar nægilega komið í ljós, hversu óheillavænlegt það er, að því upphafi sjé ekki sá gaumur gefinn, sem skyldi. En ef það tekst ekki að gera skilninginn á tilgangi lífsins að almennings eign, og skapa vísindalega lífarnisfræði, þá mun mannkynið hjer á jörðu líða undir lok eftir ógurlegri hörmungar en sagan veit nokkur dæmi til áður. Norðurlandaþjóðirnar eiga að hafa forgöngu í þessu máli, hið norræna kyn er til þess skap- að, og er nú þegar nokkur bend- ing fengin um það, hvernig fara muni um hina frjálsu framsókn Norðurlandaþjóðanna, ef haldið verður áfram á Helvegi og þær átta sig ekki á því, hvert hlutverk þeim er sjerstaklega ætlað í sögu mannkynsins.

## VI.

Þó að jeg haldi því fram, að hið norræna kyn verði að hafa forgönguna um að bjarga mannkyninu frá glötun, þá er jeg ekki að gera lítið úr trúarbragðaforustu Semítanna.

Menn hafa t. d. ekki haft það gagn af kristinni kenningu, sem hafa mætti. Það hefir kent verið, að guð sjálfur hafi fæðst í þennan heim við hinum auðvirðilegum og ólíklegum ástæðum. Slík kenning setti að geta orðið mönnum nokkur hjálp til að átta sig á því, að upphaf hins mest áriðandi sannleika hefir orðið hjer á Íslandi. Því landi, þar sem erfiðast hefir verið að lífa, einsog mannfækkunarsaga íslensku þjóðarinna sýnir nægilega, en einuig hjá þeirri þjóð, sem glæsilegast hefir verið fyrir spáð. Það er nú eftir að vita, hvort þær spár eiga fyrir sjer að ræfast. Að svo stöddu virðist það ekki sem líklegast.

19. mars.

**Helgi Pjeturss.**

---